

## Starfsemi Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2001-2002

### Ræða formanns á aðalfundi 15. maí 2002

Skýrsla þessi nær yfir starfsemi félagsins frá 29. maí 2001 til 15. maí 2002. Í stjórn FFR sátu á þessu tímabili: Magnús Jónsson, veðurstofustjóri, formaður, Skúli Eggert Þórðarson, skattrannsóknastjóri, varaformaður, Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, ritari, Guðrún Kvaran, forstöðumaður Orðabókar Háskólans, gjaldkeri, Ingibjörg Ásgeirsdóttir, forstjóri Námsgagnastofnunar, meðstjórnandi. Í varastjórn sátu: Óli H. Þórðarson, framkvæmdastjóri Umferðarráðs, Sigurður Guðmundsson, landlæknir, Sölvi Sveinsson, skólameistari FÁ.

Að venju mótaðist starfsemi félagsins aðallega annars vegar af ýmis konar félagsfundahaldi, þar sem leitað var til ýmissa aðila til að hafa framsögu um áhugaverð efni eða mál sem ofarlega eru á baugi hjá okkur forstöðumönnum, og svo hins vegar af nokkurri viðleitni til að reyna að halda kjaranefnd við það efni að skoða laun okkar og kjör. Mun ég koma sérstaklega að þeim þætti síðar.

Fundir og önnur starfsemi

Auk aðalfundar voru haldnir fjórir félagsfundir á starfsárinu. Þann 26. september voru þau Gunnar Björnsson, Ásta Lára Leósdóttir og Sonja Hreiðarsdóttir frá Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins framsögumenn fundar um stofnanasamninga. Var það vel sóttur fundur, afar fróðleg framsöguerindi og góðar umræður. Var þessi fundur áreiðanlega gagnlegur fyrir okkur flest, sem þá vorum að fara inn í ferli endurskoðunar á stofnanasamningum frá 1997, eða svokallaða aðlögunarsamninga. Fundargerð þessa fundar og glærur framsögumanna er að finna á vefsíðu félagsins [www.ffr.is](http://www.ffr.is) og er því ekki ástæða til að gera efni hans frekar skil hér.

Næsti félagsfundur var haldinn 14. nóvember. Aðalframsögumaður var Hrannar Hólm ráðgjafi frá KPMG og flutti hann erindi sem bar yfirskriftina "Heildarumbun starfsmanna". Var þessi fundur tilraun félagsins með að beita sér fyrir fræðslufundum um ákveðin mál sem tengjast starfsemi stofnana og stjórnun. Þessi fundur var allvel sóttur og tókst ágætlega. Efnið er áhugavert og glærur Hrannars og fundargerð er einnig á vefsíðu félagsins. Næsti félagsfundur var ekki haldinn fyrr en 5. mars, en þá höfðu þeir Arnar Jónsson og Kristinn Hjálmarsson ráðgjafar frá PwC framsögu um málefnið "Nýjungar í ráðgjöf um stjórnun og rekstur opinberra stofnanna". Þessi fundur var sæmilega sóttur en framsögumenn full langorðir, þannig að umræður urðu ekki miklar. Loks var haldinn félagsfundur 20. mars, en þessi fundur var haldinn í kjölfar mikillar umræðu sem varð í þjóðfélaginu vegna ákveðinna mála sem tengdust tveimur forstöðumönnum ríkisstofnana. Eins og menn muna varð þessi umræða afar alhæfandi og einsleit um opinberan rekstur og stjórnendur stofnana, og sá stjórn félagsins ástæðu til þess að senda frá sér yfirlýsingu vegna þess 28. febrúar. En á fyrrnefndum fundi var Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi aðalframsögumaður og flutti hann, að loknu stuttu ávarpi formanns félagsins, erindi sem hann nefndi: "Hlutverk og áherslur ríkisendurskoðunar til að tryggja réttmæta ráðstöfun opinberra fjármuna". Þennan fund sóttu um 60 manns og þótti framsaga ríkisendurskoðanda afar fróðleg og yfirlýsing mikil og sköpuðust miklar og góðar umræður í kjölfar hennar.

Stjórn félagsins hélt alls sex formlega fundi á starfsárinu. Haldnir voru þrjú fundir formanns og varaformanns með kjaranefnd allri eða formanni hennar. Sömu leiðis áttu þeir fund með ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis um kjar- og lífeyrismál eins og síðar verður vikið að, og formaður sat samráðsfund fulltrúa frá BHM, Reykjavíkurborg, fjármálaráðuneytis og FFR um einelti á vinnustöðum, sem virðist vera vaxandi vandamál eða það er að koma meira upp á borðið.

Eins og áður var stjórn félagsins oftast með efni í Fréttabréf fjármálaráðuneytis fyrir forstöðumenn, og til tíðinda má telja að félagið fékk í fyrsta sinn beiðni frá Alþingi um umsagnir um tvö þingmál. Var þeim erindum svarað með viðeigandi hætti.

Loks skal geta þess að Þorgeir Pálsson flugmálastjóri bauð til kynningar á Flugmálastjórn 22. nóvember. Fengum við bæði fróðlega kynningu og rausnarlegar veitingar hjá félagi okkar Þorgeiri, en því miður virðast þessar kynningar ekki njóta þess áhuga félagsmanna sem þær eiga skilið. Er hér með hvatt til þess að gefa þeim meiri gaum en hingað til hefur verið gert. Það er synd ef þessi þáttur í starfseminni leggst af.

Tilraunaverkefni

Eins og ykkur er kunnugt um stóðu FFR og fjármálaráðuneytið sameiginlega að tilraunaverkefni í einkaþjálfun stjórnenda opinberra stofnana. Þetta verkefni fór að mestu fram á síðasta ári en úttekt á verkefninu, mat á árangri, kostnaði o.fl. var gerð nú eftir áramót. Skiluðu framkvæmdaðilarnir, þ.e. Háskólinn í Reykjavík og IMG skýrslu, þar sem m.a. kom fram mat þátttakenda og leiðbeinanda á því hvernig til tókst. Til að gera langa sögu stutta er ljóst, að

afar góð niðurstaða og reynsla fékkst af þessu verkefni og hefur stýrihópur verkefnisins, sem í voru Gunnar Björnsson, Haukur Ingbergsson, Skúli Eggert Þórðarson auk undirritaðs, skilað skýrslunni af sér ásamt tillögum til fjármálaráðherra um að slíkum einstaklingsbundnum þjálfunarnámskeiðum skuli haldið áfram. Í tilraunaverkefninu skiptist kostnaður milli fjármálaráðuneytis og stofnana þeirra forstöðumanna sem þátt tóku, en í tillögum okkar nú er gert ráð fyrir að fjármálaráðuneytið muni standa alfarið undir kostnaði þjálfunarinnar ef frá er talinn hugsanlegur ferðakostnaður, þegar menn þurfa að leggja út í ferðakostnað. Er gert ráð fyrir að stofnanirnar beri hann sjálfar, m.a. vegna þess að oft geti menn utan af landi sameinað þetta öðrum erindum til höfuðborgarinnar. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þátttakendum og leiðbeinendum fyrir svo og fjármálaráðherra fyrir hans þátt í þessari tilraun.

#### Samskipti við kjaranefnd

En þá að öðru. Eins og komið hefur fram á fundum okkar á þessu starfsári og ég nefndi áðan, hefur stjórnin reynt að halda uppi baráttu fyrir bættum kjörum félagsmanna með ýmsum hætti. Eðli máls samkvæmt hafa spjót okkar, sem eins og allir vita eru heldur bitlítill, beinst að kjaranefnd og aðgerðum hennar eða réttara sagt aðgerðarleysi. Bréf og ályktanir hafa verið sendar kjaranefnd, fundað hefði verið bæði með formanni kjaranefndar og nefndinni allri, símtöl og tölvupóstur hafa verið reynd, en allt hefur þetta skilað döprum árangri. Raunar er árangurinn enginn því kjaranefnd hefur ekki tekið tillit til neinna þeirra athugasemda eða óska, sem félagið hefur sett fram. Þær hafa aðallega verið í tveimur liðum. Í fyrsta lagi að kjaranefnd fylgi þeirri lagalegu skyldu sinni að endurskoða og úrskurða ekki sjaldnar en árlega um kaup okkar og kjör, og í öðru lagi að aukið verði vægi fastra launa á kostnað eininga. Nú eru liðin um þrjú ár síðan kjaranefnd úrskurðaði síðast um kaup okkar og kjör. Ég kalla það ekki úrskurði að tilkynna launaafgreiðslu ríkisins um sömu prósentuhækkunir og samið hefur verið um í miðlægum heildarkjarasamningum síðan þá. Það þarf enga kjaranefnd til að úrskurða um slíkt; það er hægt að gera með einfaldri skipan á tölvu í fjármálaráðuneytinu! Stjórnin kannaði á miðju síðasta ári síðan hvernig launavísitala opinberra starfsmanna hefði þróast síðan um mitt ár 1999 og bar það saman við þær prósentuhækkunir sem kjaranefnd hefur miðað við, þegar við eigum í hlut. Er skemmst frá því að segja að 10-12% gliðnun hafði þá átt sér stað á þessu tímabili. Í ljósi þess að síðan hefur verið samið við marga hópa opinberra starfsmanna um verulegar kjarabætur hefur þetta bil enn vaxið verulega. Þá má benda á, að á síðustu mánuðum hefur víða farið fram endurskoðun á stofnanasamningum sem áreiðanlega er ekki að fullu komin fram í mælingum vísitölunnar. Þótt ég viti ekki hvað í þessum samningum felast, þykir mér líklegt að grundvelli þeirra takmörkuðu upplýsinga sem ég hef, að þar geti verið um 3-5% hækkun að ræða. Allt ber því að sama brunni. Laun okkar flestra hafa hlutfallslega sigið um a.m.k 15% og þó líklega nær 20% á þeim þremur árum, sem kjaranefnd hefur látið undir höfuð leggjast að endurskoða laun okkar og fylgjast með þróun launa hjá öðrum hópum, sem henni ber þó að taka mið af ekki síst opinberum starfsmönnum. Meðan kjaranefnd er önnur kafin í nokkurs konar samningum við lækna o.fl. höfum við verið látnir liggja í "launalegum saltþækli", í ljósi þess að samningstaða og réttarstaða okkar er í reynd engin. Það er að mínu mati það lögbrot að endurskoða ekki kjör okkar oftar en nefndin hefur gert og verður að skoða hugsanlegar aðgerðir í ljósi þess.

Hitt atriðið sem við höfum lagt fast að kjaranefnd að athuga, er að hækka föstu launin á kostnað eininga. Er það í samræmi við alla samninga sem gerðir hafa verið við opinbera starfsmenn síðustu 4-5 árin. Aðalástæða þeirrar kröfu er annars vegar sú, að tryggja betur lífeyrisréttindi okkar þegar þar er kemur en einnig að eyða þeirri mismunum sem þetta hefur í för með sér gagnvart þeim félögum okkar sem eru farnir á eftirlaun. Ekki bara það, að margir fyrrverandi undirmenn sem farið hafa á eftirlaun á síðustu árum eru komnir með hærri eftirlaunagreiðslur en forstöðumenn á grundvelli breytinga á samsetningu launa, sem ég vék að áður, heldur það einnig, að þeir sem valið hafa sk. meðaltalsreglu í stað eftirmannsreglu hafa fengið reglulega hækkun á eftirlaunum sínum í samræmi við þróun launavísitölu meðan hinir hafa fengið sömu breytingar og við. Einnig hér teljum við í stjórn félagsins, að kjaranefnd fari ekki að lögum og því síður að jafnræðisreglu séu í heiðri hafðar. Þannig er því staða okkar nú eftir 10 ára tilveru kjaranefndar og afreka hennar.

En hvað er til ráða hjá hópi, sem hvorki hefur samningsrétt né málsskotsrétt. Eru einhver ráð að vekja þessa þyrnirós launamála í landinu, sem sefur vært undir væng dottandi kjaradóms? Kjaradómur hefur að vísu hrokkið upp með andfælum á kosningadögum eða þegar hann hefur þurft að taka tillit til skattalagabreytinga hjá þjóðhöfðingja okkar, en annars virðist vera heldur lítið líf í þessu opinbera kjarapari sem lokað er af á bak við múra einhvers konar svefnhallar. Er kannski ætlunin að biða næsta kosningadags til Alþingis og leiðréttá allt misgengið? Eru þessar stofnanir ekki búnar að læra það af reynslunni, að andfæli af því tagi eru vísasti vegurinn til að hleypra samfélaginu í bál og brand? Og má líka spyrja? Eru dagar þessa fyrirkomulags kannski liðnir í ljósi allra þeirra breytinga sem hafa orðið í opinbera rekstrinum síðasta áratuginn? Þessum spurningum og fleiri þeim tengdum höfum við velt fyrir okkur í stjórn félagsins.

Ég er ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli þegar ég segi, að við úr stjórn félagsins höfum gengið á fund fjármálaráðherra til að ræða þessi mál. Skemmst er frá því að segja, að þar er málið talið vera pólitískt viðkvæmt, þótt ekki sé neinum hugmyndum um breytingar hafnað. Hins vegar er líka ljóst, að skiptar skoðanir eru innan félagsins um hvað ætti að koma í staðinn, ef lagt yrði upp í einhverja krossferð gegn þessu fyrirkomulagi. Ég tel alltént nauðsynlegt, að þetta sé rætt í félaginu áður en lagt er upp með óskir um endurskoðun og breytingar á

lögnum um Kjaradóm og kjaranefnd frá 1992. Kannski er það miklu frekar framkvæmd laganna sem þarf að lagfæra fremur en lögin eða fyrirkomulagið sem slíkt. Hvað finnst ykkur félagar góðir um þessi mál?

#### Eftirlaunamál

Annað kjaramál hefur talsvert verið rætt innan stjórnarinnar, en hefur ekki verið lagt á borð kjaranefndar, enda á það ekki heima þar, tengist eftirlaunaréttindum okkar almennt. Við í stjórn félagsins teljum að með breytingu á ráðningarkjörum forstöðumanna þ.e. upptöku tímabundinnar ráðningar, hefði átt að endurskoða eftirlaunamál þeirra. Það er varla eðlilegt og því síður í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var um að forstöðumenn skuli ekki sitja til starfsæviloka í starfi forstjóra stofnunar, að þessi breyting skuli ekki hafa haft áhrif á lífeyrisréttindi þeirra. Og raunar laun þeirra einnig, og væri þar hægt að vísa til þess sem tíðkast á hinum almenna markaði, að maður tali nú ekki um forstöðumenn í ýmsum grannlöndum okkar. Þetta mál hefur einnig verið rætt óformlega við æðstu menn fjármálaráðuneytisins. Þar fundum við fulltrúar félagsins fyrir jafnvel enn meira fálæti en þegar kjaranefnd hefur verið nefnd. Samt er þetta stórmál sem vert er að reyna að fylgja eftir með einhverjum hætti og er óskað eftir hugmyndum ykkar og frumkvæði um frekari skref í því.

#### Staða félagsins

Síðasta málið sem ég vildi nefna sérstaklega á þessum aðalfundi er staða félagsins. Það hefur komið fram, að vilji er að hálfu stjórnvalda að stofna til nánara samstarfs við okkur forstöðumenn eða samtök forstöðumanna á mörgum sviðum. Þetta hefur kannski ekki síst komið fram í sambandi við kjarasamningamál enda standa nú, eins og allir vita, stofnanirnar einnig að samningum við starfsmenn sína sem áður var alfarið á könnu fjármálaráðuneytisins. Hins vegar er ekki endilega hægt að ætlast til að FFR sé þarna réttur vettvangur og eru fyrir því ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi er aðeins um helmingur forstöðumanna ríkisstofnana í félaginu. Í öðru lagi er félagið lögum þess samkvæmt hagsmunafélag og samráðsfélag um sameiginleg málefni forstöðumanna ríkisstofnana, svo ólík sem þau geta nú verið. Félagið getur þar af leiðandi ekki bara lent í hagsmunagæslu gagnvart kjaranefnd eins og það gerir nú, heldur einnig getur það þurft að verja hagsmuni sína almennt eða hagsmuni einstakra forstöðumanna gagnvart stjórnvöldum. Slík mál hafa komið upp, og stjórn félagsins hefur talið eðlilegt að bregðast við, ef henni hefur þótt að félögum þess vegið. Sömuleiðis hefur félagið látið það álit sitt í ljósi, að framkvæmdavaldið hlutist um of í samskipti stofnana og forstöðumanna þeirra við löggjafarvaldið sem þó ákvarðar um fjárlögin sem stofnanirnar vinna eftir. Í þriðja lagi getur félagið síðan lent í því að þurfa að taka afstöðu í málum sem stjórnvöldum er ekki að skapi, t.d. ef það veitir umsögn um þingmál sem það fær til umsagnar. Umsagnir sem félagið hefur veitt í tvígang nú á nýafstöðnu þingi gefa tilefni til að ætla að slík staða geti komið upp.

Fleiri atriði mætti vafalaust nefna en þetta leiðir hugann að því, hvernig við eigum sem félag að bregðast við þessum aðstæðum eða hvort jafnvel er nauðsynlegt að til séu tvö félög. Annað hagsmunafélag forstöðumanna eins og FFR er nú, og hitt stofnanafélag þar sem forstöðumenn allra stofnana ættu aðild að og starfaði að fullu sem framlengdur armur framkvæmdavaldsins eins og það er á hverjum tíma. Allt er þetta svolítið snúið, ekki síst þegar tryggja þarf sjálfstæði stofnana og trúverðugleika hver svo sem hin pólitíska stefna er í landinu. Raunar er þetta svo stórt mál að eðlilegt væri að halda um það sérstakan félagsfund eða jafnvel ráðstefnu, en ég vildi nefna þetta hér og nú enda hefur þetta borið nokkuð á góma á síðustu mánuðum. Að mati stjórnarinnar er nauðsynlegt að hafa einhver skilaboð frá félögum áður en til viðræðna við stjórnvöld kemur um þetta mál.

#### Síðareglur

Í kjölfar fyrrnefndra mála tveggja forstöðumanna í vetur svo og með vísan til þess sem kom fram hjá ríkisendurskoðanda á fundi með okkur í mars sl., hefur stjórn félagsins velt þeim möguleika fyrir sér hvort félagið ætti að setja sér síðareglur. Fyrir þessu eru víða fordæmi og að ýmsum ástæðum þykir stjórninni þetta koma til greina. Var ákveðið að leggja nokkra vinnu í þetta mál, m.a. kynna sér hvað gert hefur verið í grannlöndum okkar austan hafs og vestan. Afrakstur þeirrar vinnu verður hér til kynningar og umræðu. Þar sem hér er um stórt mál að ræða, umdeilanlegt og viðkvæmt, þótti stjórninni rétt að senda þessi drög út til skoðunar með fundarboði. Mér er ljóst, að hér er um þannig mál að ræða, að það verður ekki tekið til afgreiðslu eða ákvörðunar á þessum fundi, en áður en stjórnin heldur lengra er nauðsynlegt að þetta sé rætt í félaginu. Mun ritari gera betur grein fyrir þeim drögum sem þið fenguð send. Vonast ég til að umræða geti farið fram um hvort eigi að setja svona reglur, hvernig eiga þær að vera og hverjir þá setji svona reglur.

Að lokum vil ég færa samstafsfolki mínu í stjórn félagsins þakkir fyrir einkar ánægjulegt samstarf svo og öðrum þeim félagsmönnum sem lagt hafa starfsemi lítið á liðnu starfsári.

F.h. stjórnar FFR

Magnús Jónsson